



Félag löggiltra
endurskoðenda

Endurskoðandinn

Umhverfi, hlutverk, ábyrgð

Efnisyfirlit

01	INNGANGUR	3	04	VERKEFNI ENDURSKOÐENDA	13
02	ÁRSREIKNINGUR	4		Lögbundin verkefni	13
	Hverjir eru lesendur ársreikninga?	4		Önnur verkefni	13
	Ársreikningaskrá ríkisskattstjóra	4		Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar	14
	Hver ber ábyrgð á gerð ársreiknings?	4		Áhættugrunduð endurskoðun	14
	Ársreikningurinn, uppbygging og forsendur	4		Markmið endurskoðunar, umfang og takmörk	14
	Ársreikningalög og alþjóðlegir reikningskilastaðlar	5		Fjárdráttur, svik og annað ólöglegt athæfi	15
	Fullnægjandi upplýsingar	5		Endurskoðunarferlið	15
	Upplýsingaskylda stjórnenda	5		Samþykki verkefnis	15
	Skýrsla stjórnar	5		Ráðningarbréf	15
	Einingar tengdar almannahagsmunum	5		Skipulagning og framkvæmd	16
	Endurskoðunarnefndir	6		Lok endurskoðunar	16
03	UM ENDURSKOÐENDUR	7	05	NIÐURSTÖÐUR ENDURSKOÐUNAR	18
	Helstu lög og reglur sem gilda um endurskoðendur	7		Áritanir	18
	Að öðlast réttindi með löggildingu til endurskoðunarstarfa	7		Tegundir áritana	18
	Kröfur um endurmenntun	8		Fyrirvaralaus áritun	18
	Innlögn eða niðurfelling réttinda	8		Fyrirvaralaus áritun með ábendingarmálgrein	18
	Óhæði og hlutleysi	8		Áritun með fyrirvara	18
	Ábyrgð og hlutverk endurskoðanda	9		Áritun án álits	18
	Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar og staðlar um gæðaeftirlit	9		Neikvætt álit	19
	Þagnarskylda	9		Uppbygging áritana	19
	Upplýsingaskylda endurskoðenda	9		Fyrirvaralaus áritun	19
	Starfsábyrgðartrygging endurskoðenda	9		Fyrirvaralaus áritun með ábendingarmálgrein	20
	Endurskoðendaráð	9		Áritun með fyrirvara	20
	Félag löggiltra endurskoðenda (FLE)	10		Áritun án álits	20
	Síðareglur	11		Neikvætt álit	21
	Gæðaeftirlit	11		Aðrar áritanir	21
	Einingar tengdar almannahagsmunum	12		Könnunaráritun	21
				Aðstoð við gerð ársreiknings	22
				Endurskoðunarskýrslur og aðrar athugasemdir	22
			06	LOKAORÐ	23



Bæklingi þessum er ætlað að auka skilning á hlutverki og ábyrgð endurskoðandans m.a. með því að svara spurningum eins og:

- Hvað er endurskoðun?
- Hvaða faglegu kröfur eru gerðar til endurskoðenda?
- Hver ber ábyrgð á ársreikningi?
- Hvað eru alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar?
- Hvaða þýðingu hefur áritun endurskoðanda?

Þannig er ætlunin að varpa ljósi á grundvallaratriði endurskoðunar og með hvaða hætti endurskoðendur og stjórnendur koma að ársreikningum fyrirtækja.

Einn megintilgangur löggjafarvaldsins með setningu laga um endurskoðendur er að stuðla að því að störf endurskoðenda og áritun á reikningsskil auki traust milli þeirra er leggja fram ársreikning og lesenda þeirra. Nauðsynlegt er að gera greinarmun á hlutverki og ábyrgð stjórnenda fyrirtækis annars vegar og endurskoðanda þess hins vegar.

Einnig er nauðsynlegt að átta sig á hvaða gildi áritun endurskoðenda hefur fyrir ársreikninginn og hvaða athuganir liggja til grundvallar mati endurskoðenda á því hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag, breytingu á handbæru fé og afkomu í samræmi við lög um ársreikninga eða alþjóðlega reiknings-skilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópu-sambandinu.

Endurskoðun er sjálfstæð athugun á reikningsskilum, gerð af faglega hæfum og hlutlausum sérfræðingi, í þeim tilgangi að láta í ljós óháð álit á þeim. Við lok endurskoðunar skal endurskoðandi árita reikningsskilin með áritun sem inniheldur upplýsingar um endurskoðunina og álit endurskoðandans. Framkvæmd endurskoðunarinnar sem og áritunin skal vera í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Ef það er mat endurskoðanda að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins, breytingu á handbæru fé og fjárhagslegri stöðu í samræmi við viðeigandi reikningsskilareglur er áritunin jákvæð eða svokölluð fyrirvaralaus áritun.

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að endurskoðandi víkur frá fyrirvaralausri áritun. Aðgreiningur endurskoðanda og stjórnenda um framsetningu, mat eða reikningsskila-dóferðir að öðru leyti, er ræddur og komast þeir oftast að samkomulagi um hvernig ársreikningurinn skuli lagður fram. Takist hins vegar ekki að ná samkomulagi verður endurskoðandi að gera fyrirvara í endurskoðunaráritun sinni eða jafnvel setja fram neikvætt álit.

Það er ekki hlutverk endurskoðenda að meta hvort viðskiptaráðstafanir fyrirtækis eru skynsamlegar eða hagkvæmar. Það er hlutverk stjórnenda að reka fyrirtæki og eigenda að taka afstöðu til hvernig stjórnendur leysa verk sín af hendi.

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir um hlutverk og störf endurskoðenda er fjallað um endurskoðun ársreiknings en endurskoðun getur einnig beinst að öðrum tegundum reikningsskila svo sem árshlutareikningum.

Endurskoðendur hafa ekki verið mjög virkir í opinberri umræðu og fjalla lítið opinberlega um störf sín sem skýrir að einhverju leyti hið svokallaða væntingabil, bilið á milli þess sem vænst er að endurskoðandinn geri og þess sem honum ber að gera. Má í því sambandi nefna að endurskoðun tryggir ekki að ársreikningurinn sé villulaus og að engin sviksemi sé til staðar í félaginu sem um ræðir, heldur að endurskoðun hafi verið framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla þannig að nægileg víska sé um að villan eða sviksemin hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Markmið bæklingisins er að kynna starf endurskoðandans betur og minnka það væntingabil sem til staðar er um störf hans.



Til að skilja betur hlutverk endurskoðenda er nauðsynlegt að hafa grundvallarskilning á því hvað ársreikningur er en fyrirtækjum og stofnunum er lögum samkvæmt skylt að semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Tilgangur ársreikningsins er að sýna rekstrarárangur yfir tiltekið tímabil og fjárhagslega stöðu í upphafi og lok tímabils auk breytinga á handbæru fé á því tímabili sem ársreikningurinn nær til.

Lög um ársreikninga gera ítarlegar kröfur um innihald ársreikninga, hvaða matsreglum skal beita í einstökum tilvikum og hvaða skýringar skulu fylgja. Ennfremur er í lögnum fjallað um kosningu endurskoðenda og er þar sérstaklega kveðið á um hvaða fyrirtækjum er skylt að kjósa a.m.k. einn endurskoðanda eða endurskoðunar-fyrirtæki.

HVERJIR ERU LESENDUR ÁRSREIKNINGA?

Lesendur ársreikninga eru fjölmargir, svo sem eigendur, stjórnendur, starfsmenn, viðskiptavinir, lánadrottmar, opinberar stofnanir, samkeppnisaðilar og mögulegir fjárfestar. Þessir aðilar þurfa að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um afkomu og fjárhagslega stöðu fyrirtækisins.

ÁRSREIKNINGASKRÁ RÍKISSKATTSTJÓRA

Ríkisskattstjóri starfrækir ársreikningaskrá sem er opin öllum. Þangað skulu öll hlutafélög, einkahlutafélög, samlags-hlutafélög og samvinnufélög skila ársreikningum sínum til opinberrar birtingar. Sú skylda tekur einnig til sameignar-félaga ef þau fara yfir ákveðin stærðarmörk eigna, veltu og ársverka.

Heimilt er, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um eignir, veltu og fjölda ársverka, að senda ársreikningaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum, sbr. reglugerð nr. 694/1996 með síðari breytingum um framsetningu ársreikninga á samandregnu formi.

HVER BER ÁBYRGÐ Á GERÐ ÁRSREIKNINGS?

Stjórn og framkvæmdastjóri, bera ábyrgð á gerð ársreiknings samkvæmt lögum um ársreikninga. Þessir aðilar bera einnig ábyrgð á að fyrirtækið hafi virkt fjárhagsupplýsingakerfi sem sýnir, mælir, skráir og upplýsir um viðskipti sem hafa þýðingu fyrir fjárhagslega stöðu þess og afkomu. Stjórn og framkvæmdastjóri bera jafnframt ábyrgð á að innra eftirlit félagsins sé viðeigandi og í samræmi við stærð þess og starfsemi. Tilgangur innra eftirlits er m.a. að tryggja örugga bókhaldsskráningu og varðveislu fjármuna félagsins.

Til að auðvelda samanburð milli ára og milli fyrirtækja eru ársreikningar gerðir með samræmdum hætti á grundvelli ákvæða ársreikningalaga og alþjóðlegra reikningsskila-staðla, þar sem það á við, og samþykka viðkomandi félags.

Stjórnendur bera ábyrgð á vali reikningsskilaáferða, þar sem um val er að ræða, sem gefa glögga mynd af afkomu og fjárhagslegri stöðu fyrirtækis. Hlutlaus endurskoðun breytir engu um ábyrgð þeirra á ársreikningnum.

ÁRSREIKNINGURINN, UPPBYGGING OG FORSENDUR

Ársreikningurinn skal hafa að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Í ársreikningum sem gerðir eru samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum ber að birta yfirlit um heildarafkomu, yfirlit um fjárhagslega stöðu, yfirlit um eigið fé og sjóðstreymisyfirlit. Í móðurfélögum skal enn fremur semja samstæðureikning ef samstæðan í heild fer fram úr stærðarmörkum ársreikningalaga.

Ársreikningurinn þjónar einungis tilgangi sínum ef hann er gerður í samræmi við vel skilgreinda reikningsskila-staðla.

Hér á eftir verður fjallað um helstu hugtök, sem mynda grundvöll ársreikninga.

Samræmi

Með samræmi er átt við að ársreikningurinn sé gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum frá ári til árs. Þegar breytt er um reikningsskilaaðferðir ber að skýra frá því og áhrifum breytinganna á afkomu og efnahag.

Áframhaldandi rekstur

Við gerð ársreiknings er gengið út frá þeirri forsendu að fyrirtækið sé rekstrarhæft um fyrirsjáanlega framtíð. Ef upplýsingar um hið gagnstæða koma ekki fram í ársreikningnum er gert ráð fyrir að rekstur fyrirtækisins haldi áfram.

Sé forsenda fyrir áframhaldandi rekstri brostin skal taka tillit til þess við gerð ársreikningsins. Við þær aðstæður skal mat efnahagsliða byggt á upplausnarvirði þeirra.

Tímasetning – lotun tekna og gjalda

Þess þarf að gæta að tekjur og gjöld séu færð á það tímabil sem þau tilheyra. Við gerð ársreiknings ber því að taka tillit til áfallinna og fyrirframgreiddra tekna og gjalda.

Matsaðferðir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur að meta ýmsa liði sem tengjast honum. Matsaðferðir eiga sér stóð í lögum um ársreikninga og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Raunverulegt verðmæti þessara liða, t.d. við innlausn eða sölu, getur hins vegar orðið annað en mat í reikningsskilum.

ÁRSREIKNINGALÖG OG ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

Lög um ársreikninga og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar mynda ramma sem stjórnendum ber að vinna eftir við gerð ársreiknings, þannig að hann gefi glögga mynd af afkomu og efnahag fyrirtækis. Alþjóðlegir staðlar eru nauðsynleg hjálpartæki þar sem lagaákvæði eru oft ekki nægjanlega skýr um einstaka liði. Lög um ársreikninga og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru einnig mikilvæg fyrir endurskoðendur og lesendur ársreikninga við mat á upplýsingum sem koma fram í ársreikningum.

FULLNÆGJANDI UPPLÝSINGAR

Upplýsingar í ársreikningi eru fullnægjandi ef í honum er skýrt greinilega frá þeim upplýsingum sem geta haft áhrif á ákvarðanir lesenda ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri félaga leggja ársreikninginn fram og eru bundnir af lögum og reglum um birtingu lágmarksupplýsinga sem þar eiga að koma fram.

UPPLÝSINGASKYLDA STJÓRNENDA

Á stjórn félags og framkvæmdastjóra hvílir sú skylda skv. ársreikningalögum að koma á framfæri við endurskoðendur þeim upplýsingum og gögnum sem þeir telja að hafi þýðingu fyrir endurskoðun ársreiknings. Stjórn félags og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem endurskoðendur telja nauðsynlega vegna starfa síns.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi hefur stjórn félags vettvang til að gera grein fyrir atriðum sem ekki koma fram í ársreikningi en eru mikilvæg fyrir mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu. Í lögum um ársreikninga er upptalning á þeim atriðum sem fram skulu koma í skýrslu stjórnar með ársreikningi. Þar skal m.a. upplýsa um aðalstarfsemi félagsins, atriði sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu og afkomu, ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps, óvissu um mat eða óvenjulegar aðstæður og mikilvæg atvik sem orðið hafa eftir lok reikningsársins. Gefa þarf upplýsingar um fjölda hluthafa eða félagsaðila.

Á félögum sem skráð eru á verðbréfamarkað og félögum sem fara yfir stærðarmörk ársreikningalaga hvílir frekari upplýsingaskylda. Þessi félög þurfa m.a. einnig að gera grein fyrir meginmarkmiðum og stefnu við áhættustýringu og eftir því sem við á fjalla um framtíðarhorfur og rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

EININGAR TENGÐAR ALMANNAHAGSMUNUM

Með hugtakinu „eining tengd almannahagsmunum“ er átt við einingu sem má telja að sé þjóðhagslega mikilvæg en rétt þykir að gera auknar kröfur um áreiðanleika og óhæði þegar kemur að endurskoðun hennar. Hugtakið er skilgreint með þessum hætti í lögum um endurskoðendur:

- Lögðæli sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- Lifeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
- Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum um fjármálafyrirtæki.
- Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttrygginga-starfsemi hér á landi samkvæmt lögum um váttrygginga-starfsemi.

ENDURSKOÐUNARNEFNDIR

Stjórnir félaga sem skilgreindar eru sem einingar tengdar almannahagsmunum skulu skipa sér endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd er eftirlitsnefnd og með skipun slíkrar nefndar er m.a. leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga viðkomandi einingar og óhæði endurskoðenda einingarinnar. Helstu hlutverk nefndarinnar er meðal annars að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni og skipulagi innra eftirlits og endurskoðun ársreiknings félagsins.

Endurskoðunarnefnd skal skipuð eigi færri en þremur mönnum og skal það gert eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Þar sem hlutverk endurskoðunarnefndarinnar er m.a. að fjalla um fjármál, reikningsskil, uppgjör og eftirlit með þeim þarf að minnsta kosti einn nefndarmanna að hafa staðgóða þekkingu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.



Í lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 er eftirfarandi skilgreining á endurskoðanda:

Endurskoðandi: Sá sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum, hefur löggildingu til starfa við endurskoðun og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara.

Til að varpa betra ljósi á það umhverfi sem endurskoðendur starfar í verður í eftirfarandi kafla farið yfir helstu lög og reglur sem gilda um endurskoðendur og önnur mikilvæg atriði sem tengjast starfsemi endurskoðenda.

HELSTU LÖG OG REGLUR SEM GILDA UM ENDURSKOÐENDUR

Lög um endurskoðendur nr. 79/2008 voru sett til að taka ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og Evrópuráðsins varðandi lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga inn í innlendan rétt. Þó svo að ýmis nýmæli hafi verið í lögunum voru þó ekki gerðar neinar grundvallarbreytingar á ábyrgð og hlutverki endurskoðenda.

Helstu ákvæði í lögum um endurskoðendur eru eftirfarandi:

- Til þess að hljóta löggildingu sem endurskoðandi þarf viðkomandi einstaklingur að hafa lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningskilum, hann verður að hafa lokið þriggja ára starfsþjálfun við endurskoðun og hann þarf að hafa staðist sérstakt löggildingarpróf. Til að viðhalda réttindum sínum þarf endurskoðandinn að uppfylla kröfur um endurmenntun sem eru að lágmarki 120 klst. á þriggja ára tímabili.
- Endurskoðunarfyrirtæki skulu hafa formlegt gæðakerfi.
- Endurskoðendum er skylt að hafa starfsábyrgðatryggingu.
- Skylduaðild að FLE.
- Siðareglur FLE hafa lagagildi og þurfa staðfestingu ráðherra.

- Endurskoðendaráð hefur eftirlit með störfum endurskoðenda.
- Skylt er að endurskoða í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Ýmis önnur lög innihalda ákvæði sem snúa að endurskoðendum svo sem lög um ársreikninga, lög um fjármála-fyrirtæki og lög um váttryggingastarfsemi.

AÐ ÖÐLAST RÉTTINDI MED LÖGGILDINGU TIL ENDURSKOÐUNARSTARFA

Menntunarkröfur endurskoðenda eru bundnar í lögum um endurskoðendur og felast í sérhæfðu háskólanámi í endurskoðun og reikningskilum annars vegar og skipulegri starfsþjálfun hins vegar.

Til að öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa þarf viðkomandi að fullnægja eftirtöldum skilyrðum sem koma fram í 2. gr. laga um endurskoðendur:

1. eiga lögheimili hér á landi, eða vera ríkisborgari aðildarríkis að Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja,
2. vera lögráða og hafa haft forræði á búi sínu síðastliðin þrjú ár,
3. hafa óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjör-gengis til Alþingis,
4. hafa lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningskilum sem viðurkennt er af endurskoðendaráði,
5. hafa staðist sérstakt próf,
6. hafa starfað að lágmarki í þrjú ár undir handleiðslu endurskoðanda við endurskoðun ársreikninga og annarra reikningskila hjá endurskoðunarfyrirtæki,
7. hafa starfsábyrgðatryggingu.

Áður en löggilding er veitt skal umsækjandi vinna drengskaparheit um að hann muni af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna rækja það starf sem löggildingin veitir honum rétt til að stunda og hlíta lögum og öðrum reglum sem starfið varða.

Í 4. gr. laga um endurskoðendur kemur fram að þeir einir hafa rétt til að nota starfsheitið endurskoðandi sem hlotið hafa löggildingu til endurskoðunarstarfa. Ákvæði þetta nær þó ekki til starfsheitis innri endurskoðenda í fyrirtækjum enda séu störf þeirra hluti af innra stjórnendaeftirliti viðkomandi fyrirtækis. Efnahags- og viðskiptaráðuneyti skal birta opinbera skrá yfir endurskoðendur sem hafa fullgild réttindi.

Próf til löggildingar í endurskoðun skal að jafnaði haldið einu sinni á ári og er það í höndum prófnefndar sem skipuð er af endurskoðendaráði. Prófnefndin er skipuð til fjögurra ára í senn.

KRÖFUR UM ENDURMENNTUN

Eftir að aðili hefur öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa er honum skylt að sækja endurmenntun sem tryggir að hann viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum. Endurmenntunin skal að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Endurmenntun á hverju þriggja ára tímabili skal ná a.m.k. til eftirtalinnna sviða og skal lágmark endurmenntunar á hverju sviði vera:

- endurskoðun 30 klukkustundir,
- reikningsskil og fjármál 20 klukkustundir,
- skatta- og félagaréttur 15 klukkustundir,
- siðareglur og fagleg gildi 10 klukkustundir.

INNLOGN EDA NIÐURFELLING RÉTTINDA

Endurskoðandi getur óskað eftir því að leggja inn réttindi sín og falla þá niður réttindi og skyldur hans sem endurskoðanda. Ef mál endurskoðandans eru hins vegar til meðferðar hjá endurskoðendaráði er innlagn réttinda ekki heimil nema með leyfi ráðsins. Óski endurskoðandi eftir því að fá aftur innlögð réttindi sín skal veita honum þau á ný ef hann fullnægir orðið öllum skilyrðum til að njóta þeirra og sanni að hann hafi uppfyllt endurmenntunarkröfur þriggja ára tímabils.

Ráðherra hefur heimild til að fella niður réttindi endurskoðenda ef endurskoðandi fullnægir ekki skilyrðum til löggildingar eða að tillögu endurskoðendaráðs. Endurskoðendaráð getur lagt til við ráðherra að réttindi endurskoðanda verði felld niður telji ráðið sýnt að endurskoðandi

hafi í störfum sínum brotið gegn lögum um endurskoðendur svo að ekki verði við unað. Hafi réttindi endurskoðanda verið felld niður getur viðkomandi einstaklingur óskað eftir endurnýjun þeirra, enda fullnægji hann öllum skilyrðum til löggildingar og hafi staðist að nýju próf til löggildingar.

ÓHÆÐI OG HLUTLEYSI

Óhæði er einn af hornsteinum endurskoðunarstarfsins. Sérstök ákvæði um persónulegt og fjárhagslegt óhæði endurskoðenda er að finna í lögum um endurskoðendur og siðareglum stéttarinnar enda má ekki leika vafi á því að álit þeirra á reikningsskilum sé hlutlaust. Siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda eru í raun hluti af lögum um endurskoðendur en samkvæmt þeim skulu allir íslenskir endurskoðendur hlíta ákvæðum siðareglanna.

Endurskoðandi verður að vera óháður því fyrirtæki sem hann endurskoðar bæði í reynd og ásýnd. Miklar takmarkanir eru á því hvernig endurskoðandinn má tengjast því félagi sem hann endurskoðar og stjórnendum þess.

Í kafla 290 í Siðareglum endurskoðenda er m.a. að finna eftirfarandi reglur um óhæði við endurskoðun:

- Endurskoðendum er óheimilt að eiga fjárhagslega hagsmuna að gæta svo sem að eiga hlut í fyrirtæki sem þeir endurskoða.
- Ef endurskoðandi á mikinn hluta tekna sinna undir einum og sama viðskiptavininum þá skapast eiginhagsmunaoágnun sem þarf að leggja mat á.
- Endurskoðendum eru sett ákveðin takmörk fyrir því hvaða viðbótar þjónustu þeim er heimilt að veita endurskoðuðu félagi.
- Endurskoðendur eininga tengdum almannahagsmunum þurfa að taka sér hlé frá endurskoðun þeirra eftir tiltekinn tíma.
- Endurskoðendum sem árita endurskoðaðan ársreikning eininga tengdum almannahagsmunum eru settar reglur sem takmarka möguleika þeirra á að taka við áhrifastöðu hjá viðkomandi einingu.

Framangreint er ekki tæmandi upptalning á þeim óhæðisreglum sem gilda um endurskoðendur. Óhæðiskafli siðareglanna endurskoðenda er mjög ítarlegur en frekari ákvæði um óhæði endurskoðenda má t.d. finna í lögum um fjármálafyrirtæki. Almenn má segja að endurskoðendur þurfa að gæta þess að stofna dómgreind sinni ekki í hættu vegna hlutdrægni, hagsmunaárekstra eða óviðeigandi áhrifa frá öðrum. Endurskoðandinn þarf því að forðast samskipti sem brensla eða hafa óviðeigandi áhrif á dómgreind hans.

ÁBYRGÐ OG HLUTVERK ENDURSKOÐANDA

Hlutverk og ábyrgð endurskoðenda ákvarðast í lögum og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA). Hlutverk endurskoðenda er að staðfesta upplýsingar sem birtast í ársreikningum og felst ábyrgð þeirra í því álitum sem þeir láta í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Niðurstaða endurskoðenda er sett fram í álitum sem fram kemur í áritun á ársreikninginn. Í endurskoðun felst ekki staðfesting á innra eftirliti né mat á þeim ákvörðunum sem stjórnendur taka í rekstri. Það er einmitt grundvallaratriði að endurskoðandi komi ekki á neinn hátt að ákvarðanatöku hjá því fyrirtæki eða stofnun sem hann endurskoðar.

Reikningsskilaaðferðir eru ákvarðaðar í lögum um ársreikninga og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Endurskoðendur eru óháðir aðilar sem staðfesta upplýsingar en eru ekki þeir aðilar sem ákveða hvernig upplýsingar eru settar fram í ársreikningi. Telji endurskoðandi að ársreikningur sé ekki í samræmi við þær reglur sem um gerð hans gilda ber honum að geta um það í áritun sinni á ársreikninginn.

Hafi endurskoðandi ekki sinnt hlutverki sínu sem skyldi og vinna hans stenst ekki lágmarkskröfur er hægt að kalla hann til ábyrgðar.

ALPJÓÐLEGIR ENDURSKOÐUNARSTAÐLAR OG STAÐLAR UM GÆDAEFTIRLIT

Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar (ISA) eru gefnir út af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að. Í lögum um endurskoðendur kemur fram að endurskoðendur skuli rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit.

Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber endurskoðendum að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Alþjóðlegir staðlar um endurskoðun eru vel á fjórða tuginn og fjalla þeir m.a. um meginreglur endurskoðunar, hinar ýmsu skyldur endurskoðenda, áhættumat við endurskoðun, endurskoðunargögn, endurskoðunaraðgerðir og niðurstöður endurskoðunar s.s. áritanir endurskoðenda.

ÞAGNARSKYLDA

Endurskoðendur eru bundnir þagnarskyldu um upplýsingar og gögn sem þeir fá og hafa aðgang að í krafti stöðu sinnar. Þeir mega því ekki tjá sig opinberlega eða við einstaka hluthafa um aðstæður fyrirtækis eða um vinnu sína við endurskoðunina. Starfsmenn endurskoðenda eru

einnig bundnir þagnarskyldu um þau mál sem þeir kunna að komast að vegna starfa sinna. Sama gildir um þá sem tekið hafa af sér eftirlit með starfsemi endurskoðenda. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Undantekning frá þagnarskyldu er ef dómari úrskurðar að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

UPPLÝSINGASKYLDA ENDURSKOÐENDA

Þó svo að rík þagnarskylda hvíli á endurskoðendum eru jafnframt allmörg ákvæði í lögum og reglum sem kveða á um upplýsingaskyldu þeirra. Telji endurskoðandinn nauðsynlegt að leggja fram athugasemdir eða ábendingar þarf hann að koma þeim á framfæri við stjórn eða stjórnendur. Endurskoðendum ber að upplýsa stjórn og stjórnendur um veikleika í innra eftirliti og annað sem fram hefur komið við endurskoðunina. Jafnframt ber endurskoðanda fjármála-fyrirtækis að upplýsa Fjármálaeftirlitið verði hann var við verulega ágalla í rekstri eða annað sem veikt geti fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Á aðalfundi fyrirtækis ber endurskoðendum að svara spurningum varðandi ársreikning sem áritaður er af þeim. Skylda til að svara spurningum lýtur einungis að atriðum sem hafa þýðingu fyrir skilning á ársreikningi sem þeir hafa áritað.

Þegar skipt er um endurskoðanda skal endurskoðandinn sem tekur við snúa sér til fráfarandi endurskoðanda sem ber skylda til að upplýsa um ástæðurnar fyrir starfslokum sínum. Jafnframt skal fyrri endurskoðandinn veita hinum nýja endurskoðanda aðgang að öllum upplýsingum sem máli skipta um fyrirtækið sem endurskoðað er.

STARFSÁBYRGÐARTRYGGING ENDURSKOÐENDA

Samkvæmt lögum um endurskoðendur er endurskoðendum skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu. Tryggingunni er ætlað að bæta fjárhagstjón sem leitt getur af gáleysi í störfum endurskoðandans eða starfsmanna hans. Tryggingarskyldan fellur niður ef endurskoðandinn leggur inn réttindi sín.

ENDURSKOÐENDARÁÐ

Í lögum um endurskoðendur er gerð krafa um að starfrækt sé endurskoðendaráð en hlutverk þess, samkvæmt lögum, er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Endurskoðendaráð er skipað fimm mönnum og skulu þeir hafa þekkingu á sviðum sem tengjast endurskoðun. Ráðherra skipar í ráðið til fjögurra ára í senn en tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, einn skal skipaður eftir tilnefningu Viðskiptaráðs Íslands og tveir skulu skipaðir af ráðherra án tilnefningar en annar þeirra skal vera formaður ráðsins. Formaður endurskoðendaráðs skal fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara en meirihluti ráðsins skal skipaður öðrum en þeim sem hafa starfað við endurskoðun á síðustu þremur árum.

Samkvæmt lögum um endurskoðendur skal endurskoðendaráð sérstaklega fylgjast með:

- að endurskoðandi uppfylli skilyrði til löggildingar,
- að endurskoðandi uppfylli kröfur um endurmenntun,
- að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyriertækja fari fram,
- að til séu siðareglur og endurskoðunarstaðlar.

Ef endurskoðendaráð hefur ástæðu til að ætla að endurskoðandi eða endurskoðunarfyriertæki hafi brotið gegn lögum um endurskoðendur, siðareglum Félags löggiltra endurskoðenda eða öðrum reglum sem taka til starfa endurskoðenda getur það tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði. Endurskoðendaráð úrskurðar einnig í málum sem beint er til þess frá aðilum sem telja á sér brotið af hálfu endurskoðanda með aðgerðum eða aðgerðaleyfi og getur ráðið einnig, með rökstuddu áliti, vísað málum til opinberra rannsóknar.

Endurskoðendaráð skal árlega gera skýrslu um störf sín og skal hún opin almenningsi. Birta skal opinberlega og rekja alla úrskurði ráðsins.

FÉLAG LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA (FLE)

Í lögum um endurskoðendur er kveðið á um að endurskoðendur hafi með sér fagfélag og er öllum endurskoðendum skylt að vera þar félagsmenn. Lagalegt hlutverk félagsins er að stuðla að faglegri framþróun í endurskoðun og skyldum greinum en í lögum kemur einnig fram að félagið komi fram fyrir hönd endurskoðenda gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða. Auk þess skal félagið hafa með höndum eftirtalin verkefni í samráði við endurskoðendaráð:

1. Að setja siðareglur fyrir endurskoðendur að fenginni staðfestingu ráðherra á reglunum.
2. Að hlutast til um að reglulega séu haldin námskeið sem fullnægja kröfum um endurmenntun.

3. Að halda skrá yfir endurmenntun endurskoðenda.
4. Að annast gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda.
5. Að halda skrá yfir gildandi starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda.
6. Að halda skrá um þá starfsmenn sem eru í starfsþjálfun.

Félag löggiltra endurskoðenda var stofnað þann 16. júlí 1935. Félaginu var frá upphafi ætlað það hlutverk að efla samstarf um hagsmuni og menningarmál stéttarinnar. Félagið vinnur að hagsmuna- og framfaramálum á starfsviði endurskoðenda og er vettvangur skoðanaskipta um fagleg málefni stéttarinnar.

Innan félagsins starfa átta fastanefndir:

- **Álitsnefnd**, sem hefur það hlutverk að láta uppi fyrir félagsins hönd rökstutt álit um hvers konar fyrispurnir varðandi starfssvið endurskoðenda, sem fyrir félagið kunna að verða lagðar af Alþingi, framkvæmdavaldi ríkisins, dómstólum, samtökum, einstökum félagsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra.
- **Endurskoðunarnefnd**, sem hefur það hlutverk að fylgjast með þróun endurskoðunar hérlendis og erlendis og vinna að samræmingu á þeim störfum félagsmanna, sem varða endurskoðun almennt.
- **Reikningsskilanefnd**, sem hefur það hlutverk að fylgjast með þróun reikningsskila hérlendis og erlendis og vinna að samræmingu á þeim störfum félagsmanna, sem varða reikningsskil almennt.
- **Menntunarnefnd**, sem hefur það hlutverk að fylgjast með menntun og endurmenntun á starfssviði endurskoðenda og hlutast til um að nægilegt framboð sé á hverjum tíma til endurmenntunar, samkvæmt lögum um endurskoðendur, í samráði við stjórn félagsins og fagnefndir.
- **Kynningarnefnd**, sem hefur það hlutverk að ritstýra og annast reglubundna útgáfu á vegum félagsins, bæði í prentuðu máli og með öðrum miðlum og annast kynningu á félaginu og störfum félagsmanna.
- **Skattanefnd**, sem hefur það hlutverk að fylgjast með meiriháttar breytingum á skattalöggjöf og reglugerðum og kynna fyrir félagsmönnum, svo og að sjá um samskipti við skattfyrvöld í samráði við stjórn félagsins.
- **Gæðanefnd**, sem hefur það hlutverk að annast gæðamála félagsins þar á meðal að stýra gæðaeftirliti sem félaginu er gert að framkvæma samkvæmt lögum um endurskoðendur.

- **Siðanefnd**, sem hefur það hlutverk að fylgjast með þróun siðareglna endurskoðenda á alþjóðavettvangi og gera tillögur að breytingum á siðareglum félagsins þegar tilefni er til.

Auk fastanefndanna getur stjórnin skipað sér við hlið nefndir til að annast tiltekin málefni innan félagsins, eftir því sem ástæða þykir til.

Á undanförunum árum hefur átt sér stað mikil alþjóðavæðing og samræming á vinnu endurskoðenda. Félag löggiltra endurskoðenda hefur leikið lykilhlutverk í að koma upplýsingum frá erlendum fagfélögum til félagsmanna sinna og stuðla þannig að faglegri framþróun í endurskoðun á Íslandi. Félagið er aðili að alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) en þau samtök gefa út alþjóðlega endurskoðunarstaðla sem endurskoðendum er skylt að fara eftir. Félagið er einnig aðili að Norræna endurskoðendasambandinu (NRF) sem er samstarfsvettvangur fagfélaga endurskoðenda á Norðurlöndunum.

SIÐAREGLUR

Í lögum um endurskoðendur kemur fram að Félag löggiltra endurskoðenda skuli, í samráði við endurskoðendaráð, setja siðareglur fyrir endurskoðendur. Samkvæmt lögnum skulu endurskoðendur fylgja siðareglum þeim sem settar hafa verið af félaginu og hlotið staðfestingu ráðherra.

Félag löggiltra endurskoðenda hefur sett siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og byggja þær á siðareglum alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC). Siðareglurnar skiptast í þrjá hluta:

- A hluti - Almenn notkun reglnanna
- B hluti - Starfandi endurskoðendur
- C hluti – Endurskoðendur sem starfa við annað en endurskoðun

Í siðareglunum eru fimm grundvallarreglur sem endurskoðendur skulu hlíta:

1. **Heilindi.** Endurskoðandi skal vera hreinskiptinn og heiðarlegur í öllum samskiptum.
2. **Hlutlægni.** Endurskoðandi skal ekki láta hlutdrægni, hagsmunaárekstra eða óviðeigandi áhrif annarra ráða dómgreind sinni.
3. **Fagleg hæfni og varkárni.** Endurskoðanda er ætíð skylt að viðhalda faglegri þekkingu og hæfni sinni til að tryggja að viðskiptavinur eða vinnuveitandi fái fullnægjandi faglega þjónustu í samræmi við nýjustu framþróun í starfsgreininni, lagasetningu og starfs-

aðferðir. Endurskoðandi skal starfa af kostgæfni og í samræmi við viðurkennda staðla þegar hann veitir faglega þjónustu.

4. **Trúnaður.** Endurskoðandi skal gæta trúnaðar í faglegum og viðskiptalegum samskiptum sínum og ekki veita þriðja aðila upplýsingar án sérstakrar heimildar nema það sé réttmætt eða skylt samkvæmt lögum eða faglegum kröfum. Slíkar upplýsingar skulu hvorki notaðar í eigin þágu endurskoðandans né þriðja aðila.
5. **Fagleg hegðun.** Endurskoðandi skal fara eftir lögum og reglugerðum og forðast allt sem kastað gæti rýrð á endurskoðendastéttina.

Í siðareglunum er ítarleg umfjöllun um óhæði endurskoðenda, hvað kann að ógna óhæði endurskoðenda og hvernig koma megri í veg fyrir að óhæði endurskoðenda sé ógnað.

GÆÐAEFTIRLIT

Samkvæmt lögum um endurskoðendur er endurskoðunarfyirtækjum og endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Endurskoðendur eða endurskoðunarfyirtæki sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skulu þó sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Markmið gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda er að tryggja að endurskoðendur og endurskoðunarfyirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Gæðaeftirlit nær til allra endurskoðenda sem bera ábyrgð á endurskoðunarverkefnum en eftirlitið getur beinst að endurskoðunarfyirtæki í heild sinni ef um sameiginlegt gæðastjórnunarkerfi er að ræða í fyrtækinu. Gæðaeftirlitið felur í sér könnun á gæðakerfi endurskoðunarfyirtækis og gæðastjórnun endurskoðenda sem tryggir að endurskoðunarfyirtæki og endurskoðendur ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Félag löggiltra endurskoðenda skal annast gæðaeftirlit í samráði við endurskoðendaráð.

Endurskoðendaráð skal árlega birta upplýsingar um heildar- niðurstöðu gæðaeftirlitsins.

EININGAR TENGÐAR ALMANNAHAGSMUNUM

Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki sem annast endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum þurfa að sæta opinberu gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti en almenna krafan er á sex ára fresti. Þeim er jafnframt skylt að birta árlega skýrslu um gagnsæi þar sem m.a. koma fram ýmsar upplýsingar um viðkomandi endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.



Verkefni endurskoðenda

Í meginatriðum má skipta verkefnum endurskoðenda í tvo flokka; lögbundin verkefni og önnur verkefni. Í lögum um endurskoðendur er endurskoðun skilgreind á eftirfarandi hátt:

„Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitsgerðinni.“

Endurskoðun er háð því að unnt sé að staðfesta þær upplýsingar sem verið er að endurskoða en forsenda þess er að upplýsingar séu skipulega skráðar. Endurskoðun beinist að upplýsingum um liðna atburði en byggir einnig á mati á fyrirliggjandi upplýsingum á tilteknum tíma en endanleg niðurstaða matskenndra liða getur orðið önnur en áætlað er.

Það er mikilvægt skilyrði við endurskoðun að endurskoðendur hafi ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum og gögnum sem þeir telja skipta máli. Takmarkanir sem settar eru á vinnu endurskoðenda, t.d. við öflun gagna, geta leitt til þess að markmið endurskoðunar náist ekki.

Við lok endurskoðunar lætur endurskoðandi í ljós álit sitt á viðfangsefninu með áritun sem nánar verður fjallað um í kaflanum um niðurstöður endurskoðunar.

LÖGBUNDIN VERKEFNI

Krafa um að fyrirtæki og stofnanir sem uppfylla tiltekin skilyrði skuli kjósa sér endurskoðanda er sett fram í ýmsum lögum, s.s. lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélag og lögum um fjármálafyrirtæki. Jafnframt er í ýmsum lögum áskilið að endurskoðendur komi að lausn sérhæfðra verkefna t.d. við stofnun og slit félaga.

ÖNNUR VERKEFNI

Þess er ekki krafist að allir ársreikningar séu endurskoðaðir. Þeir sem ekki eru skyldugir til að leggja fram endurskoðaða

ársreikninga geta engu að síður óskað eftir endurskoðun þeirra til þess að auka traust á upplýsingum sem í þeim eru. Endurskoðandi er oftast kosinn á aðalfundi hvort sem um lögbundna endurskoðun eða valkvæða endurskoðun er að ræða. Engu að síður getur fyrirtæki ráðið til sín endurskoðanda þótt hann hafi ekki verið kosinn á aðalfundi. Enginn munur er á endurskoðun sem bundin er í lögum og þeirri sem fyrirtæki hafa sjálf ákveðið að láta vinna.

Endurskoðendur hafa, á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu, sérþekkingu á reikningsskilum, skattskilum og ýmsum öðrum sviðum er snerta fjármál og rekstur sem gerir að fyrirtæki og stofnanir sækjast eftir þjónustu endurskoðanda til ýmissa annarra starfa en endurskoðunar. Af öðrum verkefnum sem endurskoðendur geta komið að má nefna:

- Könnun ársreikninga og árshlutareikninga.
- Færsla bókhalds.
- Aðstoð við gerð ársreikninga.
- Gerð skattframtala.
- Úttektir og vottun á innra eftirliti.
- Innri endurskoðun.
- Fjárhagslegar áreiðanleikakannanir.
- Ýmis fjármála- og rekstrarráðgjöf, þ.m.t. kaup á fyrirtækjum, samrunar og skipting félaga.

Þegar endurskoðandi tekur að sér framangreind verkefni þarf hann að gæta þess að óhæði hans sé ekki ógnað annist hann jafnframt endurskoðun viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar.

Aukin áhersla á umhverfismál, framleiðsluumhverfi vöru og virðingu mannréttinda hefur leitt til þess að fyrirtæki þurfa að leggja fram staðfestar upplýsingar um þessi atriði. Nú þegar hvílir lagaskylda á tilteknum fyrirtækjum að leggja fram endurskoðaðar skýrslur um grænt bókhald. Endurskoðendur geta annast slíka vottun og jafnframt

endurskoðað aðrar ófjárhagslegar upplýsingar sem fyrirtæki birta um starfsemi sína.

Dómstólar hafa leitað eftir áliti endurskoðanda og jafnvel að þeir sitji sem meðdómendur í málum þar sem fjallað er um endurskoðun, reikningsskil eða skattskil.

ALPJÓÐLEGIR ENDURSKOÐUNARSTAÐLAR

Í lögum um endurskoðendur kemur fram að endurskoðendur skuli rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit. Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar eru gefnir eru út af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC), sem FLE er aðili að. Í því felst að endurskoða skal í samræmi við alla útgefna alþjóðlega endurskoðunarstaðla sem eru í gildi og sem ná til vinnu sem verið er að vinna. Endurskoðandi má ekki gefa til kynna að endurskoðunin sé framkvæmd í samræmi við staðlana nema það sé gert að öllu leyti.

Saman mynda alþjóðlegu staðlarnir ramma um vinnu endurskoðenda við að ná fram markmiðum endurskoðunarinnar.

ÁHÆTTUGRUNDUÐ ENDURSKOÐUN

Endurskoðun samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum er áhættugrunduð endurskoðun sem þýðir að framkvæmd hennar byggist á greiningu á hættunni á því að veruleg villa sé í reikningsskilunum og viðeigandi viðbrögðum við þeirri hættu. Greiningin byggist á því að endurskoðandinn hafi góðan skilning á félaginu og umhverfi þess. Bregðast þarf við hættunni með því að skipuleggja og framkvæma viðeigandi endurskoðunaraðgerðir sem byggja á faglegu mati. Ef niðurstaða áhættumatsins er að fyrir hluta af reikningsskilunum sé lítil hættu á villum til staðar, má takmarka mjög endurskoðunaraðgerðir á þeim hluta.

MARKMIÐ ENDURSKOÐUNAR, UMFANG OG TAKMÖRK

Markmið endurskoðunar er að gera endurskoðendum kleift að gefa álit á reikningsskilum, svo að lesendur ársreikninga geti betur treyst þeim upplýsingum sem þar koma fram. Það er á ábyrgð stjórnenda að semja reikningsskilin og að tryggja að innihald þeirra og framsetning sé í samræmi við lög og viðeigandi reikningsskilaaðferðir.

Með áritun sinni staðfestir endurskoðandinn að reikningsskilin séu í öllum veigamiklum atriðum í samræmi við viðeigandi lög og reikningsskilareglur og að endurskoðun hans hafi verið unnin í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og siðareglur. Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum skal endurskoðandinn fá nægilega vissu fyrir því að reikningsskilin séu laus við verulegar

villur, hvort sem er af völdum sviksemi eða vegna mistaka. Endurskoðun er háð takmörkunum og þar af leiðandi gefur hún ekki fullvissu um að ársreikningurinn sé að öllu leyti réttur.

Endurskoðendur setja sér mikilvægismörk, sem eru bæði notuð við skipulagningu endurskoðunar og við mat á áhrifum af óleiðréttum skekkjum sem hafa komið fram við endurskoðunina. Samkvæmt mikilvægisreglunni eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi. Endurskoðendur þurfa því að beita faglegu mati við ákvörðun mikilvægismarka með mögulega notendur ársreikninga í huga og þurfa að horfa bæði til hlutlægra og óhlutlægra þátta.

Til að hafa ávinning af lestri ársreiknings þurfa lesendur að hafa þekkingu á lögum og stöðlum er lúta að gerð ársreikninga og helstu reikningsskilareglum. Einnig verða lesendur að vita hvað felst í endurskoðun og áritun endurskoðenda.

Það er misskilningur að halda:

...að ársreikningur hafi að geyma fullkomlega réttar upplýsingar.

Stjórnendur fyrirtækis bera ábyrgð á skipulagi bókhalds og innra eftirliti. Gott skipulag þess getur þó ekki komið í veg fyrir minniháttar skekkjur sem ekki eru leiðréttar áður en reikningsskil eru lögð fram. Stjórnendur skulu enn fremur velja þær reikningsskilaaðferðir sem endurspegla sem best raunveruleikann, og eru í samræmi við settar reikningsskilareglur, og meta einstaka liði í ársreikningi út frá forsendum sem liggja fyrir við gerð hans. Slíkt mat er alltaf háð óvissu og atburðir sem gerast síðar geta leitt í ljós að matið hefði orðið annað ef upplýsingar sem síðar komu fram hefðu legið fyrir við gerð ársreiknings. Stjórnendur fyrirtækis þurfa við gerð reikningsskila að taka afstöðu til þess hvaða upplýsingar eru viðeigandi í ársreikningi og hversu nákvæmar þær eigi að vera. Við gerð ársreiknings geta til dæmis legið fyrir upplýsingar sem eru ekki taldar mikilvægar á þeim tíma en verða þýðingarmiklar síðar.

...að áritun endurskoðanda sé trygging fyrir því að ársreikningur sé fullkomlega réttur.

Endurskoðun grundvallast á úrtaksaðferðum en er ekki fullkomin skoðun á öllum gögnum. Ekki er víst að óverulegar skekkjur komi fram eða verði leiðréttar við endurskoðun. Reikna má með að verulegar skekkjur sem hafa áhrif á glögga mynd komi fram við endurskoðun og verði leiðréttar. Skipuleg sviksemi getur þó komið í veg fyrir að

skekkjur uppgötvist við endurskoðunina. Af m.a. þessum ástæðum er ávallt sú hættu fyrir hendi að veruleg villa sé til staðar, þrátt fyrir að endurskoðun sé skipulögð og framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Endurskoðendur hafa ekki frekar en stjórnendur möguleika á að sjá inn í framtíðina. Þeir geta aðeins sannreynt matsaðferðir stjórnenda og borið þær saman við aðgengilegar upplýsingar og eigið faglegt mat með hliðsjón af lögum og settum reikningsskilareglum. Endurskoðendur skulu vera gagnrýnir á mat stjórnenda og ef þeir eru ósammála geta þeir brugðist við með því að leggja til breytingar á ársreikningi eða geta þess í áritun sinni.

FJÁRDRÁTTUR, SVIK OG ANNAÐ ÓLÖGMÆTT ATHÆFI

Algengur misskilningur er að eitt af hlutverkum endurskoðenda sé að koma upp um fjárdrátt, svik eða annað ólögmætt athæfi. Samkvæmt lögum um hlutafélög er það á ábyrgð félagsstjórna að annast um og tryggja að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sé með nægjanlega tryggingu hætti til að koma í veg fyrir sviksemi. Slíkt eftirlit er einnig hluti af góðum stjórnarháttum.

Við framkvæmd endurskoðunar þarf endurskoðandinn að öðlast nægilega vissu fyrir því að reikningsskilin séu laus við verulegar villur, hvort sem það er af völdum sviksemi eða vegna mistaka. Hættan á að finna ekki villu vegna svika getur verið meiri en að finna ekki villu vegna mistaka, vegna þess að svik geta verið vel skipulögð og vísvitandi falin. Möguleiki endurskoðenda á að finna villur vegna sviksemi er háð þekkingu gerandans, fjölda tilvika og fjárhæð, hvort um samráð fleiri aðila er að ræða sem og stöðu gerandans innan félagsins. Því hærra sem gerandinn er settur því erfiðara getur verið að uppgötva svikin. Endurskoðandi þarf því að viðhafa faglega efahyggju í gegnum allt endurskoðunarferlið.

Við framkvæmd endurskoðunar er innra eftirlit í viðkomandi fyrirtæki skoðað því skipulagning endurskoðunaraðgerða er háð því hversu öruggt og skilvirkt innra eftirlit er. Endurskoðendur geta þannig komist að því við vinnu sína að fyrir hendi séu veikleikar í innra skipulagi fyrirtækis sem geta auðveldað óheimarlegum starfsmönnum að nýta sér þá í ólögmætum tilgangi. Sem dæmi um eðlilega verkaskiptingu má nefna að störf við greiðslu og bókun reikninga eiga að vera aðskilin.

Það er ekki markmið með endurskoðun samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum að uppgötva sviksemi nema í þeim tilgangi að komast að raun um hvort verulegar

skekkjur séu í reikningsskilunum vegna sviksemi. Finni endurskoðandi hins vegar vísbendingar um svik eða annað ólögmætt athæfi ber honum að tilkynna það til viðeigandi stjórnanda hjá fyrirtækinu. Endurskoðandinn metur hvaða stjórnanda er gerð grein fyrir grun um sviksemi, almennt er gert ráð fyrir að það sé að minnsta kosti næsti yfirmaður þess sem grunaður er um sviksemina. Endurskoðandinn getur gert grein fyrir grunsemdum sínum ýmist munnlega eða skriflega. Almennt má segja að eftir því sem grunur er um alvarlegra brot eða að grunurinn beinist að hærra settum starfsmanni þá sé mikilvægara að koma ábendingum á framfæri með skriflegum hætti.

Endurskoðandinn þarf jafnframt að íhuga hvort honum beri skylda til að tilkynna grun um sviksemi til aðila utan fyrirtækisins. Þrátt fyrir að endurskoðanda sé almennt skylt að gæta trúnaðar gagnvart viðskiptavininum þá geta í einhverjum tilvikum verið ákvæði í lögum sem víkja þeim skyldum til hliðar.

ENDURSKOÐUNARFERLIÐ

Endurskoðun felur í sér öflun nægilegra og viðeigandi gagna og upplýsinga til að gera endurskoðendum kleift að gefa álit á ársreikningi. Þó svo að endurskoðunaraðferðir séu í aðalatriðum staðlaðar, þarf endurskoðandinn að laga vinnu sína að aðstæðum hjá hverju fyrirtæki um sig.

Samþykki verkefnis

Áður en endurskoðandi tekur að sér verkefni þarf að meta hvort hann uppfylli kröfur um óháði sem gerðar eru kröfur um í lögum um endurskoðendur og hvort hann búi yfir nægilegri hæfni og getu til að leysa verkefnið. Ýmsar aðrar aðstæður geta valdið því að endurskoðandi neiti verkefni, t.d. hagsmunaárekstrar milli viðskiptavina, að verkefnið standist ekki lög eða að vafi leiki á heilindum viðskiptavinarins og greiðslu fyrir endurskoðunarvinnu.

Ráðningarbref

Þegar endurskoðandi hefur samþykkt að taka að sér verkefnið þarf að ganga frá ráðningarbrefi milli stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins annars vegar og endurskoðandans hins vegar til að tryggja að sam-eiginlegur skilningur sé á því hvað felst í endurskoðuninni og hver sé ábyrgð hvors aðila.

Skipulagning og framkvæmd

Áhættugrunuð endurskoðun felur í sér að laga þarf endurskoðunina að hverju verkefni og viðskiptavinum út frá því hvar áhætta á verulegri skekkju liggur og hversu mikil hún er. Endurskoðun fylgir þó almennt eftirfarandi ferli:

- öðlast góðan skilning og þekkingu á viðskiptavininum og umhverfi hans
- skilgreina hvað telst mikilvægt bæði í fjárhæðum og upplýsingum
- greina hvar hætta er á verulegum skekkjum
- meta mikilvægi hættunnar
- greina þá eftirlitsþætti sem koma eiga í veg fyrir skekkjur
- ákveða prófanir á eftirlitsþáttum og framkvæma þær
- ákveða umfang gagnaskoðunar byggt á niðurstöðu mats á eftirlitsþáttum
- framkvæma gagnaskoðanir
- draga saman niðurstöður og leggja mat á hvort búið sé að afla nægilegra og víðeigandi gagna til að byggja álit endurskoðandans á.

Hafi endurskoðandi tekið að sér endurskoðunarverkefni, þá er næsta skref að afla sér þekkingar á viðskiptavininum og umhverfi hans. Endurskoðandi aflar sér upplýsinga um eigendur og stjórn fyrirtækis, skipulag, innra eftirlit og þau fjárhagsupplýsingakerfi sem eru í notkun. Jafnframt skoðar endurskoðandi hvernig rekstrarstaða þess er og fær yfirsýn yfir rekstur og efnahag fyrirtækis og þá áhættu sem fylgir rekstri þess.

Að fengnum þessum upplýsingum metur endurskoðandi þá þætti sem hafa afgerandi áhrif á glögga mynd af afkomu og stöðu fyrirtækisins. Þannig ber endurskoðanda að meta áhættu sem tengist einstökum reikningsliðum og verkferlum.

Endurskoðendur hafa ekki eftirlit með öllum bókhaldsfærslum þar sem slíkt er ekki nauðsynlegt til að uppfylla markmið endurskoðunar. Nauðsynlegt er að þær athuganir sem endurskoðendur gera beinist að mikilvægum og áhættumeiri rekstrar- og efnahagsliðum og skýringum.

Endurskoðendur fara yfir og meta þau eftirlitskerfi sem miða að því að takmarka möguleika á að villur eigi sér stað. Skorti innra eftirlit með áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, eða ef það er ófullnægjandi, þurfa endurskoðendur að meta hvaða viðbótaraðgerðum þurfi að beita til að geta gefið álit á ársreikningi.

Skipulagning og framkvæmd endurskoðunar byggir á upplýsingum og þekkingu sem endurskoðendur hafa aflað sér á viðkomandi fyrirtæki. Ef endurskoðun leiðir í ljós nýjar upplýsingar þarf endurskoðandinn að laga endurskoðunaraðgerðirnar að þeim.

Við framkvæmd endurskoðunar er eftirfarandi aðferðum beitt í mismunandi vægi eftir aðstæðum í hverju verkefni fyrir sig:

- **Aðgerðaendurskoðun** er samheiti fyrir aðferðir þar sem er prófað að hve miklu leyti innra eftirlit í viðkomandi félagi er virkt og hvort það tryggir að réttar upplýsingar séu til staðar í upplýsingakerfum félagsins. Slíkar aðgerðir fela einnig í sér úrtaksprófanir til að staðfesta hvort eftirlitsaðgerðirnar séu virkar.
- **Gagnaendurskoðun** má skipta í tvennt, annars vegar í greiningaraðgerðir og hins vegar ítarlegar prófanir á gögnum oftast með úrtökum.
- **Með greiningaraðgerðum** er metið hvort fjárhæðir í reikningsskilum séu í samræmi við þekkingu á og væntingar endurskoðandans til rekstrar félagsins, t.d. samhengi sé á milli breytinga í tekjum og breytinga á gjöldum.
- **Ítarlegar prófanir** (e. test of details) fela í sér beina skoðun gagna, t.d. skoðun á fylgiskjölum sem valin hafa verið samkvæmt viðurkenndum úrtaksaðferðum, samanburður við ytri gögn og úrtaksprófanir á birgðum.

Lok endurskoðunar

Fyrir áritun á reikningsskil ber endurskoðanda að draga saman niðurstöður sínar og leggja mat á hvort búið sé að afla nægilegra og víðeigandi gagna til að byggja álit hans á. Þá þarf hann að taka tillit til allra atburða sem átt hafa sér stað frá lokum reikningsárs og fram að áritun hans og hafa verulega þýðingu við mat hans á ársreikningnum og rekstrarhorfum fyrirtækisins.

Mikilvæg forsenda fyrir mati eigna í reikningsskilum er forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi. Fyrir áritun á reikningsskil þarf endurskoðandi því að meta áætlanir stjórnenda um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins a.m.k. næstu 12 mánuði eftir uppgjörsdag.

Endurskoðun lýkur með undirritun stjórnenda á staðfestingarbréf og áritun endurskoðanda á ársreikning fyrirtækis og skýrslu til stjórnar um niðurstöður endurskoðunarinnar. Með staðfestingarbréfi staðfesta stjórnendur m.a. að þeir hafi gefið endurskoðandanum allar upplýsingar sem máli skipta fyrir reikningsskilin.

Endurskoðandi getur ekki lagt fram álit á ársreikningi nema að stjórnendur hafi lagt fram staðfestingarbréf.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við stjórn og stjórnendur, skal skrá í sérstaka endurskoðunarskýrslu eða leggja fram skriflega á annan hátt. Endurskoðendum ber að fullvissa sig um að endurskoðunin hafi staðist gæðakröfur í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og að hægt sé að færa sönnur á framkvæmd endurskoðunarinnar og niðurstöður hennar með viðeigandi vinnuskjöllum.

D5 Niðurstöður endurskoðunar

ÁRITANIR

Áliti endurskoðandans er komið á framfæri í áritun hans á ársreikninginn. Til að lesendur hafi gagn af árituninni er nauðsynlegt að þeir hafi lágmarksþekkingu og skilning á reikningsskilum og vinnuaðferðum endurskoðenda.

Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar kveða á um að áritanir óháðra endurskoðenda skuli vera staðlaðar til að ná fram samræmi í framsetningu og efni áritana. Samræmi í framsetningu og efni áritana eykur trúverðugleika og gagnsæi reikningsskilanna. Auk þess stuðlar það að betri skilningi lesenda þeirra og auðveldar þeim að koma auga á óvenjuleg atriði þegar um þau er að ræða.

TEGUNDIR ÁRITANA

Fyrirvalaus áritun

Fyrirvalaus áritun er langalgengasta áritunin en hún er notuð þegar endurskoðandinn álitur að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri, efnahag og sjóðstreymi fyrirtækis í samræmi við settar reikningsskilareglur. Ekki er hægt að nota fyrirvalausa áritun þegar endurskoðunargögn benda til þess að veruleg villa sé til staðar í ársreikningnum eða að ekki hafi verið hægt að afla nægjanlegra og viðeigandi gagna til að styðja við álitid. Þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi þá þarf annað hvort að nota áritun með fyrirvara, áritun án álits eða áritun með neikvæðu áliti.

Fyrirvalaus áritun með ábendingarmálgrein

Þegar endurskoðandinn álitur fyrirvalausa áritun við hæfi en telur samt nauðsynlegt að benda lesendum reikningsskilanna á tiltekið atriði í ársreikningnum, getur hann sett sérstaka ábendingarmálgrein í áritunina. Slík ábending er sett í lok áritunar á eftir álitsmálgrein. Atriðið sem um ræðir verður að koma skýrt fram í ársreikningnum sjálfum en ekki fela í sér að endurskoðandinn hafi ekki getað aflað nægilegra endurskoðunargagna eða að það sé villa í ársreikningi. Slík áritun breytir ekki áliti endurskoðandans né dregur úr ábyrgð hans.

Dæmi um aðstæður þar sem ábendingarmálgreinar gæti verið viðeigandi er þegar endurskoðandi vill vekja athygli

á umfjöllun í skýringum um verulega óvissu um niðurstöður málaferla og þegar óvissa er um áhrif vegna áfalla eða hamfara.

Áritun með fyrirvara

Áritun með fyrirvara er notuð þegar endurskoðendur telja að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag félagsins að undanskildum þeim liðum sem gerður er fyrirvari um. Áritun með fyrirvara er notuð þegar eftirfarandi aðstæður eru fyrir hendi:

1. Þegar endurskoðandinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa aflað sér nægjanlegra endurskoðunargagna, að í reikningsskilunum séu villur sem teljast verulegar en eru þó ekki víðtækar. Þetta getur átt við þegar ekki eru notaðar réttar reikningsskilaaðferðir, þegar beiting reikningsskilaaðferða er ekki rétt eða þegar skýringar með ársreikningnum eru ekki viðeigandi eða ekki nægjanlegar. Þetta á eingöngu við ef villan er vel afmörkuð þannig að hægt sé að meta áhrif hennar á glögga mynd ársreikningsins.
2. Þegar endurskoðandinn getur ekki aflað nægjanlegra gagna til að styðja við álit sitt og metur að áhrifin á reikningsskilin séu veruleg en ekki víðtæk. Þetta getur átt við þegar um er að ræða óviðráðanlegar aðstæður sem félagið getur ekki haft bein áhrif á, þegar eðli og tímasetning endurskoðunarvinnunnar er ekki viðeigandi eða þegar stjórnendur takmarka umfang endurskoðunarvinnunnar. Þetta á eingöngu við ef takmörkunin beinist að vel afmörkuðum lið þannig að hægt sé að meta áhrif hennar á niðurstöðu endurskoðunarinnar.

Áritun án álits

Áritun án álits er notuð þegar endurskoðandinn getur ekki aflað nægjanlegra gagna til að styðja við álit sitt og hugsanleg áhrif á reikningsskilin eru bæði veruleg og víðtæk. Þetta getur átt við þegar um er að ræða óviðráðanlegar aðstæður sem félagið getur ekki haft bein áhrif á, þegar

eðli og tímasetning endurskoðunarvinnunnar er ekki nægileg eða þegar stjórnendur takmarka umfang endurskoðunarvinnunnar. Við óvenjulegar aðstæður, þegar um er að ræða margþætta óvissu og erfitt getur verið að meta hugsanlegt samspil óvissuþáttanna og samsöfnuð áhrif þeirra á reikningsskilin, ber endurskoðandanum að nota áritun án álits.

Neikvætt álit

Áritun með neikvæðu álitu er notuð þegar endurskoðandinn metur, eftir að hafa aflað sér nægjanlegra endurskoðunargagna, að villur í reikningsskilunum séu bæði verulegar og víðtækar. Þetta getur átt við þegar ekki eru notaðar réttar reikningsskilaaðferðir, þegar beiting reikningsskilaaðferða er ekki rétt eða þegar skýringar með ársreikningnum eru ekki viðeigandi eða ekki nægjanlegar og þessir annmarkar hafa áhrif á glögga mynd ársreikningsins. Álit endurskoðandans er þá að ársreikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé.

Í töflunni hér að neðan má sjá samantekt á ofangreindri umfangi.

Tegund óvissu	Mat endurskoðandans á áhrifum villna	
	Veruleg en ekki víðtæk	Veruleg og víðtæk
Veruleg villa í reikningsskilum	Áritun með fyrirvara	Neikvætt álit
Ekki mögulegt að afla nægjanlegra endurskoðunargagna	Áritun með fyrirvara	Áritun án álits

Handbook of International Quality Control, Auditing, Review, Other Assurance, and Related Services Pronouncements, A1 ISA 705.

UPPBÝGGING ÁRITANA

Fyrirvaralaus áritun

Fyrirvaralaus áritun er hin hefðbundna staðlaða áritun og inniheldur áritunin eftirfarandi liði:

- **Fyrirsögn**

Áritun óháðra endurskoðenda skal hafa viðeigandi fyrirsögn og mikilvægt er að í henni komi skýrt fram að endurskoðandinn sé óháður. Slík yfirlýsing staðfestir að endurskoðandinn uppfyllir allar siðareglur varðandi óhæði.

- **Víðtakandi**

Áritunin skal vera stíluð á viðeigandi aðila, yfirleitt hluthafa eða stjórn.

- **Inngangsmálgrein**

Í inngangsmálgrein skal koma fram nafn einingarinnar sem endurskoðuð er, tímabilið sem um ræðir og yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Einnig skal upplýst um hvaða skýrslur ársreikningurinn hafi að geyma, en þær eru í flestum tilvikum skýrsla stjórnar, rekstrarreikningur, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikningur, eiginfjáryfirlit, sjóðsstreymisyfirlit, yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

- **Ábyrgð stjórnenda á reikningsskilunum**

Það þarf að koma skýrt fram að stjórnendur séu ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins, að þeim beri að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Auk þess skal koma fram að ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

- **Ábyrgð endurskoðenda**

Það þarf að koma fram að ábyrgð endurskoðenda felist í því álitu sem þeir láta í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Koma þarf fram að endurskoðað hafi verið í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og að samkvæmt þeim beri þeim að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Einnig þarf að koma fram lýsing á því hvað felst í endurskoðunarvinnunni og taka fram að við endurskoðunina hafi nægjanlegra og viðeigandi gagna verið aflað til grundvallar álitinu. Jafnframt skal koma fram að endurskoðun feli í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð

ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

• **Álit endurskoðenda á reikningsskilunum**

Í áritun endurskoðenda skal koma skýrt fram að það sé álit þeirra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins, efnahag þess og breytingu á handbæru fé í samræmi við reikningsskilarammann sem um ræðir.

• **Áritun á aðra liði**

Ef endurskoðandanum er skylt að staðfesta aðra liði en fram koma í áliti hans á reikningsskilunum á það að koma fram í sérstökum lið í árituninni.

• **Undirskrift endurskoðandans**

Áritunin skal undirrituð af endurskoðanda eða í nafni endurskoðunarfyrtækis ef það á við.

• **Dagsetning áritunar**

Dagsetning áritunar er miðuð við þann dag sem endurskoðun ársreikningsins lýkur. Með því er lesandinn upplýstur um að endurskoðandinn hafi metið áhrif af mikilvægum atburðum sem hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag og fram að undirritun áritunar. Ábyrgð endurskoðenda er fólgin í áritun á ársreikninginn og þar sem hann er lagður fram af stjórnendum undirrita endurskoðendur ekki áritunina fyrr en stjórnendur hafa staðfest ársreikninginn með undirritun sinni.

• **Staðsetning endurskoðandans**

Staðsetning endurskoðandans eða endurskoðunarfyrtækis þarf að koma fram.

Fyrirvalaus áritun með ábendingarmálgrein

Þegar talin er þörf á að setja ábendingu í fyrirvalausa áritun er ábendingin sett fram í sérstakri málgrein á eftir álitsmálgreininni. Yfirleitt er vísað í skýringar með ársreikningnum og/eða skýrslu stjórnar og tekið fram að áritunin sé samt sem áður án fyrirvara. Dæmi um ábendingarmálgrein er eftirfarandi:

Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara viljum við vekja athygli á skýringu nr. x þar sem fram kemur að veruleg óvissa ríkir varðandi niðurstöður málaferla á hendur félaginu.

Áritun með fyrirvara

Þegar talin er þörf á að setja fyrirvara í áritun skulu ástæður þess koma skýrt fram í árituninni og gerð grein fyrir mögulegum áhrifum á ársreikninginn ef hægt er. Sérstök málgrein með ástæðum fyrir áliti með fyrirvara skal sett

fram á undan álitsmálgreininni. Dæmi um slíkar málgreinar eru eftirfarandi:

Ástæður fyrir áritun með fyrirvara

Birgðir félagsins eru færðar í efnahagsreikningi á x milljónir króna. Stjórnendur félagsins hafa ekki fært birgðir á því sem lægra er hreinu söluverði eða kostnaðarverði, heldur hafa þeir einungis fært þær á kostnaðarverði, en það er ekki í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Í samræmi við fyrirbyggjandi endurskoðunargögn teljum við birgðirnar ofmetnar um x milljónir króna við það að færa birgðir á dagverði þar sem það er lægra en kostnaðarverð. Skattaleg áhrif leiðréttingarinnar eru x milljónir króna. Samkvæmt þessu teljum við eigið fé og afkomu ársins vera ofmetna um x milljónir króna.

Álit með fyrirvara

Það er álit okkar, ef frá eru talin áhrif þeirra atriða sem nefnd eru í kaflanum um ástæður fyrir áritun með fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 20xx, efnahag þess 31. desember 20xx og breytingu á handbæru fé á árinu 20xx, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópu-sambandinu.

Áritun án álits

Þegar endurskoðandinn telur áritun án álits vera viðeigandi þá er gerð töluverð breyting á hinni hefðbundnu stöðluðu áritun. Ástæður fyrir áritun án álits þurfa að koma greinilega fram og sérstök málgrein með ástæðum skal sett fram á undan málgreininni með áritun án álits. Auk þessa þarf að breyta inngangsmálgreininni en þar er yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður sleppt. Málgrein um ábyrgð endurskoðenda er jafnframt breytt á þann veg að ekki er fjallað um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og ekki er fjallað um umfang endurskoðunarvinnunnar. Einungis er tekið fram að vegna þeirra atriða sem fjallað var um í kaflanum um ástæður fyrir áritun án álits hafi ekki verið mögulegt að ljúka endurskoðun ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Dæmi um breytingar á málgreinum hefðbundinnar fyrirvalausrar áritunar þegar áritun án álits er gefin er eftirfarandi:

Til stjórnar og hluthafa XX hf.

Við vorum ráðin til að endurskoða meðfylgjandi ársreikning XX hf. fyrir árið 20XX. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, eigin-

fjárfirlit, sjóðsstreymisýfirlit, yfirlit helstu reiknings-skilaaðferða og aðrar skýringar.

Ábyrgð endurskoðenda

Vegna þeirra atriða sem nánar er fjallað um í kaflanum um ástæður fyrir áritun án álits gátum við ekki lokið endurskoðun ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Ástæður fyrir áritun án álits

Stjórn félagsins kom í veg fyrir að við værum viðstaddir birgðatalningu og að við gætum sent út úrtak staðfestingarbréfa vegna útistandandi viðskiptakrafna. Bókhald félagsins bauð ekki upp á aðra möguleika við staðfestingu á birgðum og viðskiptakröfum. Þar af leiðandi gátum við ekki aflað allra þeirra gagna og skýringa sem við töldum nauðsynlegar til að staðfesta tilvist birgða og viðskiptakrafna.

Álit

Þar sem þau atriði sem fjallað er um í málsgreininni um ástæður fyrir áritun án álits hér að ofan hafa verulega þýðingu fyrir reikningsskilin og að við höfum ekki getað aflað nægilegra og viðeigandi gagna við endurskoðunina til byggja álit okkar á, látum við ekki í ljós álit á ársreikningnum.

Neikvætt álit

Þegar endurskoðandinn telur áritun með neikvæðu álit vera viðeigandi þá er einnig gerð töluverð breyting á hinni hefðbundnu stöðluðu áritun. Ástæður fyrir áritun með neikvæðu álit þurfa að koma greinilega fram og sérstök málsgrein með ástæðum fyrir áritun með neikvæðu álit skal sett fram á undan álitsmálsgreininni. Í álitsmálsgreininni skal koma fram það álit að ársreikningurinn gefi ekki glögga mynd af rekstri og efnahag félagsins í samræmi við reikningsskilarammann sem um ræðir. Dæmi um breytingar á málsgreinum hefðbundinnar fyrirvaralausrar áritunar þegar áritun með neikvæðu álit er gefin er eftirfarandi:

Ástæður fyrir neikvæðu álit

Eins og fram kemur í skýringu nr. x hefur félagið ABC hf. ekki meðtalið dótturfélagið XYZ ehf. í samstæðunni þar sem ekki var mögulegt að meta gangvirði verulegra eigna og skulda þess á kaupdegi. Vegna þessa er fjárfestingin í dótturfélaginu færð á kostnaðarverði. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er félaginu ABC hf. skylt að hafa dótturfélagið með í samstæðunni þar sem félagið hefur yfirráð fyrir dótturfélaginu. Hefði dótturfélagið XYZ ehf. verið hluti af samstæðunni hefðu áhrifin á með-

fylgjandi ársreikning verið veruleg. Ekki var mögulegt að meta áhrifin á ársreikninginn.

Neikvætt álit

Það er álit okkar, að vegna mikilvægis þeirra atriða sem nefnd eru í kaflanum um ástæður fyrir neikvæðri áritun, að ársreikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 20xx, efnahag þess 31. desember 20xx og breytingu á handbæru fé á árinu 20xx, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastæla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópu-sambandinu.

AÐRAR ÁRITANIR

Sérstakir alþjóðlegir staðlar eru til staðar sem snúa að öðrum störfum endurskoðenda en að beinni endurskoðun ársreikninga. Algengustu áritanir sem endurskoðendur nota vegna annarrar vinnu en endurskoðunar eru könnunar-áritun og áritun á öndurskoðuð reikningsskil.

Könnunaráritun

Markmið könnunar á árshlutareikningi eða ársreikningi er að gera endurskoðandanum kleift að álykta, byggt á aðgerðum sem ekki eru jafn ítarlegar og við endurskoðun, hvort nokkuð hafi komið fram sem bendi til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd í samræmi við reikningsskilarammann. Tveir alþjóðlegir staðlar eru til staðar sem fjalla um kannanir á ársreikningum eða árshlutareikningum, ISRE¹ 2400 og ISRE 2410. ISRE 2400 setur fram þær kröfur sem gerðar eru til aðila sem ekki hefur verið kjörinn til að endurskoða hjá viðkomandi félagi en ætlar sér að framkvæma og gefa út áritun byggða á könnun á ársreikningi. Aftur á móti setur ISRE 2410 fram þær kröfur sem gerðar eru til kjörins endurskoðanda félags sem hyggst gefa út könnunaráritun á árshlutareikningi þess.

Þegar um er að ræða samandregna ársreikninga eða árshlutareikninga er ekki minnst á glögga mynd heldur er einungis ályktað með sama hætti hvort nokkuð hafi komið fram sem bendi til annars en að reikningsskil séu í samræmi við reikningsskilarammann. Markmiðið með könnunaráritun er því að gefa út „neikvæða“ staðfestingu á reikningsskilin, ólíkt endurskoðun þar sem veitt er „jákvæð“ staðfesting.

Í áritun skal koma fram tilvísun í þau reikningsskil sem verið er að árita, yfirlýsing um ábyrgð stjórnenda á reikningsskilunum og ábyrgð þess sem gefur út áritunina. Í árituninni þarf að vera málsgrein um umfang könnunarinnar þar sem

¹International Standards on Review Engagements

²International Standards on Related Services

við til þeirra staðla um könnun reikningsskila sem við eiga, að hún feli einkum í sér fyrirspurnir og greiningar og feli því ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og við endurskoðun. Jafnframt þarf að vera yfirlýsing um að ekki hafi verið framkvæmd endurskoðun og því sé ekki látið í ljós álit á ársreikningnum eða árs hlutareikningnum.

Ef könnunin leiðir í ljós að reikningsskilin gefi ekki glögga mynd af rekstri og efnahag skal endurskoðandinn geta þess í áritun sinni. Sama á við ef veruleg takmörkun hefur verið á umfangi könnunarinnar.

Aðstoð við gerð ársreiknings

Markmiðið með aðstoð við gerð ársreiknings er að endurskoðandi noti faglega þekkingu sína á gerð reikningsskila til að safna saman, flokka og setja fram fjárhagslegar upplýsingar. Markmiðið með aðstoðinni er því ekki að afla upplýsinga og gagna til stuðnings álit á framsetningu reikningsskilanna. Endurskoðandi sem veitir slíka aðstoð skal samt sem áður árita ársreikninginn.

Í áritun skal koma fram yfirlýsing um að vinnan hafi verið framkvæmd í samræmi við staðal ISRS 4410² sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings, tilvísun í þau reikningsskil sem verið er að árita ásamt tilvísun í að þau séu byggð á fjárhagsupplýsingum frá stjórnendum. Jafnframt skal

koma fram yfirlýsing um ábyrgð stjórnenda á reikningsskilunum og einnig yfirlýsing um að hvorki endurskoðun né könnun hafi verið gerð og því sé ekki látið í ljós álit á reikningsskilunum. Ef endurskoðandinn verður var við veruleg frávik frá reikningsskilareglum skal setja ábendingu um það í áritun. Ef endurskoðandinn er ekki óháður skal koma fram yfirlýsing um það í árituninni.

Endurskoðunarskýrslur og aðrar athugasemdir

Í áritun endurskoðenda kemur fram álit á ársreikningnum, en auk þess koma endurskoðendur ábendingum og athugasemdum á framfæri við stjórn eða stjórnendur ýmist í endurskoðunarskýrslu eða með öðrum hætti. Mikilvægum atriðum ber að miðla skriflega til stjórnar eða stjórnenda.

Ábendingar og athugasemdir sem endurskoðendur koma á framfæri við stjórnendur geta t.d. verið:

- ábendingar um verulega veikleika í innra eftirliti félagsins,
- athugasemdir við reikningsskilaaðferðir, reikningshaldslegt mat og skýringar,
- ábendingar um veruleg vandamál sem upp komu við endurskoðun
- og ábendingar um mikilvæg atriði sem upp komu við endurskoðun.



Bæklingur þessi er unninn af endurskoðunarnefnd FLE haustið 2010 og miðast upplýsingarnar við gildandi lög á þeim tíma. Efnið er eingöngu ætlað til upplýsinga um starfsvið endurskoðenda en við bendum lesendum á gildandi lög hverju sinni varðandi frekari upplýsingar um einstök efnisatriði. Nánari upplýsingar um gildandi lög og aðrar upplýsingar um tengla er hægt að nálgast á heimasíðu FLE, www.fle.is.

18. janúar 2011

Endurskoðunarnefnd FLE



Félag löggiltra endurskoðenda